



Fjárlagafrumvarpið
í stuttu máli

2018




Góð staða ríkisfjármála

Afkoma ríkissjóðs heldur áfram að styrkjast árið 2018. Algjör viðsnúningur hefur orðið frá árinu 2009.

Heildarafkoma ríkissjóðs 2004-2018
sem hlutfall af landsframleiðslu



Heildarútgjöld 2018




Hvað kostar árið 2018?

Útgjöld ríkissjóðs árið 2018 eru alls um 800 milljarðar króna. Um 2/3 af þeirri fjárhæð er varið til velferðar-, heilbrigðis- og menntamála.

Dæmi um útgjöld á mann

Löggæsla	43 þús. kr.
Samgöngur	100 þús. kr.
Umhverfismál	49 þús. kr.
Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál	37 þús. kr.
Framhaldsskólar	84 þús. kr.
Háskólar	87 þús. kr.
Heilbrigðismál	334 þús. kr.
Fjölskyldumál	92 þús. kr.
Húsnæðisstuðningur	39 þús. kr.
Örorkugreiðslur í almannatryggingakerfinu	161 þús. kr.
Málefni aldraðra	216 þús. kr.

Heildartekjur 2018




Hvaðan koma tekjurnar?

Árið 2018 eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs 833 milljarðar króna. Stærsti hlutinn kemur af skatttekjum.

Skipting tekna 2018

- Skatttekjur
- Tryggingagjöld
- Aðrar tekjur



Virðisaukaskattur er stærsta tekjulind ríkisins, samtals 239 milljarðar. Næst koma tekjuskattur og fjármagnstekjuskattur, sem skila 25 krónum af hverjum 100 til ríkisins. Þá eru tryggingagjöld og skattar á fyrirtæki samanlagt áætlaðir 191 milljarður króna.

Hversu margir greiða tekjuskatt?

- Á árinu 2017 fengu 287 þúsund einstaklingar skattframtal á vefnum.
- Tæplega 70% framteljenda greiða tekjuskatt til ríkisins, eða um 200 þúsund einstaklingar.

- Um 276 þúsund einstaklingar greiða útsvar til sveitarfélaga.
- Um 11 þúsund einstaklingar töldu ekki fram skattskyldar tekjur og greiða því hvorki tekjuskatt né útsvar.
- Um 43 þúsund fjölskyldur greiða fjármagnstekjuskatt.

Skuldir og vaxtagjöld

- Skuldir ríkissjóðs lækka hratt. Árið 2017 lækka þær um 233 milljarða frá fyrra ári.
- Í lok árs 2018 er gert ráð fyrir að þær verði 859 milljarðar króna. Á því lækka skuldinar um 36 milljarða króna.
- Nettó skuldahlutfall ríkissjóðs verður 26,7% af landsframleiðslu í lok árs 2018 og skuldir á hvern íbúa 2,6 milljónir króna.
- Vaxtagjöld lækka um 4 milljarða og verða 150 þúsund krónur á hvern einstakling árið 2018.

Skuldir ríkis og sveitarfélaga í lok árs

	2016	2017	2018
Skuldir í milljörðum kr.	1.005	932	886
Skuldir á mann í milljónum kr.	3,1	2,8	2,6

Festa og gagnsæi

Lög um opinber fjármál tóku gildi 2016, en þau mynda ramma um opinber fjármál með það að markmiði að styrkja fjármálastjórn ríkis og sveitarfélaga. Í lögnum er lögð áhersla á heildstæða stefnumörkun í opinberum fjármálum og trausta aðkomu Alþingis að setningu markmiða í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Stefnumörkunin felst í gerð fjármálastefnu og fjármálaáætlunar og skal hún byggð á fimm grunngildum: sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi.

- 1. Fjármálastefna** er lögð fram í upphafi kjörtímabils og fjallar um stöðu og þróun opinberra fjármála.
- 2. Fjármálaáætlun** er lögð fram að vori og er útfærsla á markmiðum fjármálastefnu. Sýnd eru framlög til málefnasviða til fimm ára, en hvert þeirra nær yfir tiltekin verkefni.
- 3. Fjárlagafrumvarp** er lagt fram að hausti. Það inniheldur tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir næsta ár og þar eru tillögur að útgjaldaheimildum fyrir málaflokka.

Fjárlagafrumvarp verður að fjárlögum fyrir áramót. Fjárlög gilda alltaf til eins árs.

Áherslur árið 2018



Geðvandi & sjúkrahúspjónusta

Ungt fólk með geðvanda fær betri stuðning. Þjónusta innan sjúkrahúsa og heilsugæslu verður eflað, meðal annars fjarheilbrigðisþjónusta.



Nýr Landspítali & sjúkrahótel

Framkvæmdir við nýjan Landspítala hefjast og nýtt sjúkrahótel verður tekið í gagnið.



Fjölpættar aðgerðir í húsnæðismálum

Tekið verður á húsnæðisvanda með stofnframlögum til byggingar almennra íbúða og íbúða fyrir námsmenn. Íbúðum fyrir fólk með fötlun verður fjölgað og stuðningur við fyrstu íbúðakaup verður áfram í boði.



Ferðamannastaðir Íslands

Fjölgun ferðamanna verður mætt með uppbyggingu innviða í kringum náttúruperlur.



Umhverfismál, innviðir & loftslag

Tekið verður á loftslagsvandannum með aðgerðaáætlun. Skattkerfið verður notað til að gera raf- og tvinnbíla að hagkvæmum kosti.



Máltækni

Máltækni verður styrkt svo hægt sé að tala við tölvur og síma á íslensku.



Samgöngur

Gröftur Dýrafjarðarganga hefst af krafti. Nýfrankvæmdir og viðhaldsverkefni um land allt bæta öryggi og stytta ferðatíma.

Staða og horfur

Góðar efnahagsaðstæður

Hagkerfið hefur vaxið hraðar en í nágrennaríkjum, einkum vegna fjölgunar erlendra ferðamanna. Útlit er fyrir að núverandi hagvaxtarskeið verði það lengsta frá upphafi mælinga. Reiknað er með að verðbólga verði 2,7% árið 2018, sem er í samræmi við markmið Seðlabankans.

Hagur heimilanna vænkast

Kaupmáttur launa hefur vaxið ört, eða um 25% frá árinu 2014. Það er um 6,5% aukning að meðaltali á ári og mikilvægt er að viðhalda þeim kaupmætti. Heimilin hafa meðal annars nýtt aukinn kaupmátt til að greiða niður skuldir.


Næg atvinna

Atvinnuþátttaka er nálægt hámarki og langtímaatvinnuleysi er nánast horfið. Mikill fjöldi erlendra ríkisborgara hefur flust hingað til lands til að vinna og er erlent starfsfólk nú um 11% af vinnuaflinu.

Afgangur af rekstri ríkisins

Ríkissjóður verður rekinn með 44 milljarða króna afgangi, sem er nokkuð meira en árið 2017. Það er nauðsynlegt því ríkið þarf að gæta þess að þensla verði ekki of mikil þegar hagkerfið er í miklum vexti. Auk þess eru skuldir ríkisins enn of háar með tilheyrandi vöxtum og því er mikilvægt að greiða þær niður.

Kaupmáttur aldrei meiri og atvinnuleysi í lágmarki



Samkeppnishæf lífskjör

Eitt helsta markmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er að draga úr sveiflum í efnahagslífinu og skapa samkeppnishæf lífskjör hér á landi.

Við forgangsröðum í þágu velferðarmála. Þar munu útgjöld hækka um 4,4% umfram verðlag, samanborið við fjárlög 2017. Hafin verður bygging nýs Landspítala og víða í velferðarkerfinu sést betri stuðningur og bætt þjónusta.

Til að geta staðið undir slíkum útgjöldum þarf gott skattkerfi. Skattar eiga að vera sanngjarnir, það á að vera auðvelt að borga þá og enginn á að svíkjast undan. Lagðir verða á grænir skattar, en skattaívilnun vegna rafbílakaupa verður framlengd um 3 ár.

Samkvæmt mælingum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, er ekkert land með meiri tekjujöfnuð og minni fátækt en Ísland. Samkeppnishæf lífskjör sem halda í og laða að hæfileikafólk felast meðal annars í tryggu velferðarkerfi, hóflegum sköttum, skilvirkum ríkisrekstri og neytendavænum markaði.



Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra



